



Nokkur góð ráð um samskipti og virkni í fjarnámi.

- Gerðu samskiptaáætlun fyrir bekkinn þinn og kynntu hana.
- Gefðu upp hvenær tíma dags þú svarar netpóstum. Láttu af sama skapi vita ef þú forfallast en gefðu þá upp hvenær þú munt svara næst.
- Láttu leysa þig af ef þú veikist. Gerðu skólastjórnendum viðvart.
- Skrifaðu áfram vikupósta og annað til foreldra eins og þú varst vanur áður en allt breyttist.
- Skoðaðu virkni nemenda í rafrænu kennslustofunni og sýndu nemendum viðbrögð. Rafræn kennslustofa er til dæmis Google Classroom, Showbie eða Seesaw. Ef þú ert ekki með neitt af þessu, komdu þér þá upp kennslustofu á netinu í samstarfi við aðra kennara árganga. Það getur verið að kennslustofan sé til nú þegar og að þú þurfir bara aðgang að henni.
- Merktu við virkni nemenda og fylgstu með hvort allir eru með. Gangtu úr skugga um að allir hafi skilið fyrirmæli ef einhverjir eru ekki virkir. Hafðu fyrirmæli skýr og einföld.
- Notaðu fjarfundi til að hitta nemendur þína. Gott er að byrja á að hitta þá í litlum hópum (3-5) ef þú hefur aldrei haldið fjarfund áður. Við notum Google (Hangouts) **Meet** fyrir fjarfundi. Leiðbeiningar er að finna á vefnum okkar www.spjaldtolvur.kopavogur.is
- Vertu í samstarfi við kennara sem kenna sama árgangi. Komið ykkur upp Workplacehópi til skrafs og ráðagerða og til að aðgreina vinnu frá persónulegum frítíma. Stilltu notification á "off" til að verða ekki fyrir truflun í frítíma þínum.



- Haltu fjar-samstarfsfundi með samstarfsfélögum. Líka fyrir kaffisþjallið. [Leiðbeiningar um fjarfundi](#) er að finna á vefnum okkar.
- Leggðu fyrir hópverkefni og kynntu nemendum fyrir samskiptum með Google (Hangout) Meet og samskiptaþræði í Google Classroom.
- Ræddu við samstarfskennara þína um hæfilegt magn viðfangsefna og hvernig þið getið boðið upp á val um verkefni. Aðlagið námsefni að þeim börnum sem þurfa.
- Deildu ábyrgð á verkefnum með samstarfskennurum í undirbúningi og framkvæmd.
- Líttu á þetta tímabil sem tækifæri til starfsþróunar. Kynntu þér og þínum samstarfsfélögum fyrir nýjum uppgötvunum. Njóttu þess að læra og leyfðu þér að gera mistök. Þú lærir af þeim líka.
- Kynntu þér starfsþróunartilboð á [námsvef grunnskóladeildar](#).
- Nýttu þær bjargir sem þú hefur. Kennsluráðgjafa, [vefsíðu](#) með leiðbeiningum, gátlista og góð ráð.

Gangi þér vel 😊

*Athugið að leiðbeiningarnar taka mið af starfsumhverfi grunnskólakennara í Kópavogi.
Síðast uppfært 2. nóvember 2020.